



TILLAGA

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Héðinsreitur, sérákvæði fyrir umferð.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

1. Að óheimilt verði að leggja ökutækjum við norðurkant Seljavegar milli Nýlendugötu og Vesturgötu.
2. Að á Vesturgötu verði tvístefna milli Ánanausta og innkeyrslna við Vesturgötu 64 og 69.

Framangreint verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð:

Í tengslum við frágang á borgarlandi við uppbyggingu á Héðinsreit var gangstétt norðan Seljavegar breikkuð á milli Mýrargötu og Vesturgötu, til að tryggja aðgengi fyrir alla og auka rými fyrir gangandi vegfarendur. Í kjölfar breytinganna er Seljavegur um 7 metra breiður og ökutækjum hefur reglulega verið lagt meðfram norðurkanti götunnar. Þessar aðstæður valda því að erfitt er fyrir ökutæki að mætast, aðgangur sorphirðu og viðbragðsaðila er takmarkaður og umferðaröngþveiti hefur myndast á háannatíma. Því er lagt til að óheimilt verði að leggja ökutækjum við norðurkant Seljavegar, milli Nýlendugötu og Vesturgötu.


Í tengslum við uppbyggingu á reitnum, er fyrirhuguð innkeyrsla að bílakjallara að Vesturgötu 64 til móts við innkeyrslu að lóð Vesturgötu 69-75. Í dag er einstefna til norðurs á Vesturgötu norðan Seljavegar en tvístefnt á stuttum kafla milli Ánanausta (stofnvegur) og Ánanausta (íbúðagötu). Lagt er til að heimild til tvístefnuaksturs verði lengd um u.þ.b. 25 metra svo að hægt sé að aka að innkeyrslunum frá Ánanaustum og með því dregið úr umferð í gegnum hverfið.

Meðfylgjandi er teikning með fyrirhuguðum nýjum umferðarmerkingum til skýringar.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Planteikning, Seljavegur milli Nýlendugötu og Vesturgötu.



○ STAÐSETNING SKILTIS
— NÝJAR KANTLÍNUR



MÆLT:		BREYT:	DAGS	FYRIRTÆKI	HA/YF/SA
HANNAÐ:	BRI	Ⓐ			
TEKNAÐ:	BRI	Ⓑ			
YFIRFARIÐ:		Ⓒ			
SAMP:		Ⓓ			
		MÁLSNÖMER	Málsnúmer		



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
SKRIFSTOFA SAMGÖNGUSTJÓRA OG BORGARHÖNNUNAR
BORGARTÚNI 12-14, 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 411 1111

Héðinsreitir - frágangur á borgarlandi

Planteikning
Seljavegur milli Nýlendugötu og Vesturgötu

DAGS:	14.03.2022	MÆLIKVARDI	1:500/A2
TÖLVUSKRÁ	Skiltun.dwg	TEIKNINÚMER	101